

Fjölskyldusvið

Trúnaðarmál

 Beiðni um samþættingu þjónustu í samræmi við
 lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021

Nafn barns:	Kennitala:	Heimilisfang:	Netfang:	Sími:
Forráðamaður A:	Kennitala:	Heimilisfang:	Netfang:	Sími:
Forráðamaður B:	Kennitala:	Heimilisfang:	Netfang:	Sími:
Skóli:		Tilvísandi:	Netfang:	Sími:

☐	Beiðni um tilnefningu <u>tengiliðs</u> í grunnþjónustu sem skipuleggur og fylgir eftir samþættingu þjónustu á <u>fyrsta stigi</u> með öflun <u>upplýsinga um aðstæður barns</u> frá <u>þjónustuveitendum</u> og <u>almennri þjónustu</u> í þágu farsældar barns.
☐	Beiðni um tilnefningu <u>málstjóra</u> frá félagsþjónustu sem leiðir samþættingu þjónustu á <u>öðru stigi</u> með því að veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu, bera ábyrgð á gerð <u>stuðningsáætlunar</u> , leiða <u>stuðningsteymi</u> og fylgja því eftir að þjónusta sé í samræmi við stuðningsáætlun í samvinnu við <u>tengilið</u> .
☐	Beiðni um tilnefningu <u>málstjóra</u> frá félagsþjónustu sem leiðir samþættingu þjónustu á <u>þriðja stigi</u> með því að veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu, bera ábyrgð á gerð <u>stuðningsáætlunar</u> , leiða <u>stuðningsteymi</u> og fylgja því eftir að þjónusta sé í samræmi við stuðningsáætlun, í samvinnu við <u>tengilið</u> .

Forráðamaður samþykkir vinnslu persónuupplýsinga í beiðni þessari og að málefni barnsins og fjölskyldu þess verði tekin fyrir hjá fjölskyldusviði Árborgar. Jafnframt er forráðamönnum kunnugt að samkvæmt ákvæðum laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 er vinnsla upplýsinga um aðstæður barns heimili á grundvelli laganna og nánari reglur þar um sem Barna- og fjölskyldustofa setur.

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Sveitarfélagið Árborg, sem er ábyrgðaraðili vinnslunnar, safnar framangreindum persónuupplýsingum í þeim tilgangi að meta þörf á samþættingu þjónustu samkvæmt V. kafla laga nr. 86/2021 um amþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Heimild til vinnslu framangreindra persónuupplýsinga grundvallast á lagaheimild, skv. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og er lagaheimild til vinnslunnar að finna í 23. gr. laga nr. 86/2021.

Sveitarfélagið er afhendingaskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Af þeim sökum er sveitarfélaginu óheimilt að farga nokkru nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennu eru þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið safnar afhentar héraðsskjalasafni Árnesinga að þrjátíu árum liðnum.

Einstaklingar njóta ákveðins réttar samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, svo sem réttar til að afturkalla samþykki, réttar til að vera upplýstir um vinnslu, réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar um þá, réttar

til að andmæla vinnslu og réttar til flytja eigin gögn. Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

Hafi einstaklingar frekari spurningar um hvernig Árborg meðhöndlar upplýsingar eða um réttindi sín, geta þeir ávallt beint fyrirspurnum til persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins, og hægt er að hafa samband með því að senda erindi á personuvernd@arborg.is.

Dragi einstaklingar í efa að sveitarfélagið meðhöndli persónuupplýsingar þeirra í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, hafa þeir rétt til að senda inn erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

Nánari upplýsingar um meðferð sveitarfélagsins á persónuupplýsingum má sjá í persónuverndarstefnu sem aðgengileg er á heimasíðu sveitarfélagsins www.arborg.is.



Ég hef kynnt mér ofangreint og er kunnugt um með hvaða hætti Sveitarfélagið Árborg meðhöndli persónuupplýsingar um barn mitt.

Skýringar	
Fyrsta stig:	Á fyrsta stigi þjónustu er grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og aðgengi að frummati er tryggt, snemmtækur stuðningur er veittur og fylgt eftir á markvissan hátt.
Annað stig:	Á öðru stigi þjónustu er veittur einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur í samræmi við faglegt mat og/eða frumgreiningu á þörfum barns á grundvelli stuðningsáætlunar.
Þriðja stig:	Á þriðja stigi þjónustu er veittur einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur í samræmi við sérhæft og ítarlegt mat og/eða greiningu á þörfum barns á grundvelli stuðningsáætlunar.
Upplýsingar um aðstæður barns:	Vinnsla upplýsinga um aðstæður barnsins er heimil hjá tengiliðum, málstjórum, þjónustuveitendum og þeim sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barns við framkvæmd verkefna. Með vinnslu persónuupplýsinga er meðal annars átt við söfnun, skráningu, varðveislu, miðlun og samkeyrslu upplýsinga um aðstæður barns, þ.m.t. viðkvæmar persónuupplýsingar og upplýsingar um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi. Gæta ber að meðalhófi við vinnslu persónuupplýsinga á grundvelli laga þessara og skal ekki vinna með persónuupplýsingar umfram það sem nauðsynlegt má telja í hverju einstöku tilviki í þágu tilgangsins.
Þjónustuveitandi:	Sá sem veitir farsældarþjónustu á vegum ríkis og/eða sveitarfélaga eða einkaaðili á grundvelli þjónustusamnings. Leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar, skólaþjónusta, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, heilsugæsla, sérhæfð heilbrigðisþjónusta, lögregla, félagsþjónusta og barnavernd.
Almenn þjónusta:	Allt skipulagt starf sem er á vegum annarra en þjónustuveitenda. Sjálfstætt starfandi sérfræðingar, íþrótta-, lista- og æskulýðsstarf, frjáls félaga- og hagsmunasamtök.
Tengiliður:	Frá fæðingu og þar til barn hefur nám í leik- eða grunnskóla er tengiliður starfsmaður heilsugæslustöðvar eða heilbrigðisstofnunar í heilbrigðisumdæmi barns. Sama á við ef þörf er á samþættingu þjónustu á meðgöngu. Þegar barn er við nám í leik-, grunn- eða framhaldsskóla er tengiliður starfsmaður skólans þar sem barn er við nám. Tengiliður getur t.d. verið sérkennslustjóri í leikskóla, deildarstjóri í grunnskóla, hjúkrunarfræðingur í ungubarnavernd, skólahjúkrunarfræðingur eða sérfræðingur hjá fjölskyldusviði. Hlutverk tengiliðar er að veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns. Tryggja aðgang að frummati og styðja við samþættingu þjónustu allra þjónustuveitenda. Fylgja eftir beiðni foreldra/barns um samþættingu þjónustu á öðru og þriðja stigi. Taka þátt í stuðningsteymi.
Málstjóri:	Sá sem stýrir samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns sem hefur þörf fyrir annars eða þriðja stigs þjónustu. Málstjóri hefur hagsmuni barns að leiðarljósi. Hann skal rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við foreldra og barn. Hlutverk málstjóra er að veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns. Aðstoða við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum barns. Bera ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og að stýra stuðningsteymi. Fylgja því eftir að þjónusta sé veitt í samræmi við stuðningsáætlun. Veita þeim sem sitja í stuðningsteymi ráðgjöf og upplýsingar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns.
Stuðningsteymi:	Vettvangur þar sem þjónustuveitendur og eftir atvikum þeir sem veita tilteknu barni almenna þjónustu, eiga samstarf um samþættingu þjónustunnar. Málstjóri skal stofna stuðningsteymi þar sem sitja fulltrúar þjónustuveitenda sem veita barni þjónustu. Stuðningsteymi skal hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi og rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við foreldra og barn. Stuðningsteymi skal svo fljótt sem verða má gera skriflega stuðningsáætlun fyrir barnið þar sem þjónusta sem er veitt í þágu farsældar barnsins er samþætt. Stuðningsteymi hefur reglubundna samvinnu um framkvæmd stuðningsáætlunar þann tíma sem áætlun varir.
Stuðningsáætlun:	Stuðningsáætlun er vegvísir um samþætta þjónustu í þágu farsældar barns í takt við stuðningsþörf í daglegu lífi og skólastarfi á ákveðnu tímabili út frá fyrirbyggjandi mati og/eða greiningum. Í áætluninni er gerð grein fyrir stuðningsþörf og hvernig henni er mætt með aðlögun og stuðningi á öllum þjónustustigum. Hlutverk hvers þjónustuveitanda er skilgreint, gildistími stuðningsáætlunar skráður og verklag stuðningsteymis við mat á verkþáttum og leiðum skilgreint. Stuðningsáætlun ber að endurmeta og endurnýja eftir því sem þörf krefur. Áður en barn verður 18 ára skal stuðningsteymi gera áætlun þar sem fjallað er um samþættingu þjónustu fyrir barnið eftir að það nær fullorðinsaldri.

Undirskrift forráðamanns:	Dagsetning
Undirskrift barns ef við á:	Dagsetning:
Undirskrift skólastjórna/tilvísanda	Dagsetning:
Beiðni um samþættingu þjónustu móttækin af:	Dagsetning:

Vinnsla og afgreiðsla á nemendaverndarráðsfundi/ráðgjafateymisfundi:	Dagsetning
Tengiliður í grunnþjónustu:	

Vinnsla og afgreiðsla hjá fjölskyldusviði Árborgar:	Dagsetning
Málstjóri frá félagsþjónustu:	